

LÍS

Landssamtök íslenskra stúdenta
The National Union of Icelandic Students
Established 2013



Reykjavík, 10. maí 2021

Yfirlýsing LÍS um aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19:

Aukin framlög til geðheilbrigðismála í háskólum fagnaðarefni, en kalli eftir hærri framfærslulánum aðeins svarað að hluta

[Aðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19](#) sem tilkynnt voru föstudaginn 30. apríl 2021 fela í sér ýmis atriði sem snúa að stúdentum. Þegar hafði verið tilkynnt um sumarnám, námslán að sumri og sérstök sumarstörf fyrir stúdenta, allar mikilvægar og nauðsynlegar aðgerðir til þess að styðja við stúdenta í gegnum faraldurinn.

Í þessari tilkynningu kemur fram að veita eigi fjármagn sérstaklega til háskólanna til að auka stuðning við stúdenta í geðheilbrigðismálum vegna aukinnar eftirspurnar frá því að heimsfaraldurinn hófst. Við fögnum þessu innilega sem og öðrum skrefum sem hafa verið tekin í því að bæta aðgengi ungs fólks almennt að geðheilbrigðisþjónustu. [LÍS og stúdentahreyfingarnar](#) hafa lengi bent á slæma geðheilsu stúdenta og skort á úrræðum, en með þessum framförum á fólk betri möguleika á því að njóta sín í námi og byggja stöðugan grunn að sinni framtíð.

Samt sem áður verða LÍS að lýsa yfir vonbrigðum yfir því að stjórnvöld hafi ekki svarað kalli stúdenta eftir hærri framfærslulánum nema að takmörkuðu leiti. Eftir mikinn þrýsting frá stúdentum var niðurstaða ríkisstjórnarinnar sú að stúdentar sem þéna undir frítekjumarkið geta sótt um auka lán sem nemur 6% af framfærslu. Við vonum innilega að þessi aðgerð komi þeim að gagni sem hafa lent í tekjutapi vegna faraldursins, en barátta stúdenta um viðunandi framfærslu snerist ekki um tímabundna aðgerð fyrir afmarkaðan hóp.

LÍS hefur staðið fyrir herferðinni [Háskóli á að vera draumur, ekki fjárhagsleg martröð](#) sem hafði það að markmiði að þrýsta á hækkun framfærslulána. [Stúdentaráð Háskóla Íslands](#) lögðu mikið í sína herferð [Eiga stúdentar ekki betra skilið?](#) með sambærilegum áherslum auk rétt stúdenta til atvinnuleysisbóta.

Á frumvarpstigi nýrra laga um Menntasjóðinn [benti LÍS á](#) að þörf væri á því að hafa viðmið um framfærslu festa í lög og einnig ákvæði um reglulega endurskoðun á upphæð

framfærslulána. Framfærslulán hafa undanfarin ár aðeins hækkað miðað við vísitölu neysluverðs (nú síðast um 4%) en ekki þannig að um muni.

[Til eru haldbær gögn sem sýna](#) hversu slæm fjárhagsleg staða stúdenta er og stúdentahreyfingarnar hafa ítrekað bent á að of lág framfærslulán setji fólk í þá stöðu að þurfa að vinna með námi. Nýtt námslánakerfi boðar stuðning við námsmenn að námi loknu í formi niðurfellingar á höfuðstól en lánin duga enn skammt á meðan námi stendur. Ef kerfið á að virka, ef það á að tryggja aðgengi allra að námi, þá þarf að vera hægt að framfleyta sér á námslánnum.

Enn og aftur fagna stúdentar framtaki stjórnvalda að auka stuðningi til háskólanna í geðheilbrigðismálum og hrósum stúdentafulltrúum fyrir vel unnin störf að vekja athygli á þessu málefni. En vinnu stúdentafulltrúa er fjarri því að vera lokið, við munum áfram berjast fyrir fjárhagslegur öryggi stúdenta, hærri framfærslu og rétt til atvinnuleysisbóta. Enda eru þessi tvö málefni, líðan stúdenta og fjárhagserfiðleikar þeirra, víxlverkandi og nátengd.